

Hestamannafélagið Trausti/ reiðnámskeið



Árlegt reiðnámskeið Hestamannafélagsins Trausta verður haldið samkvæmt venju í ágúst, fimm daga námskeið fyrir börn og unglunga og lýkur námskeiðinu með fjölskyldureiðtúr í Kringlumýri þar sem verður gist og grillað.

Allir eru velkomnir en þátttökugjald er ódýrara ef þátttakendur eða foreldrar þeirra eru félagar í Trausta. Frekari upplýsingar munu berast þegar nær dregur. Guðbjörg Þóra Jónsdóttir og Ragnhildur Sævarsdóttir

Leiklistarnámskeið



Leikfélagið Borg heldur leiklistarnámskeið fyrir börn og ungmenni 7.—9. ágúst.

Námskeiðið verður á Borg, við ætlum að vera eins mikið úti og verður leyfir.


Tímar og hópar fara eftir fjölda og aldri þátttakenda. Í framhaldinu verður þátttaka í Grímsævintýrum 10. ágúst fyrir þá sem það vilja.

Skráning á netfangið:

leikfelagidborg@gmail.com



UMF Hvöt leikjanámskeið



Leikjanámskeið fyrir börn í skólahópi og

1.-4. bekk verður haldið 11. - 21. júní.

Námskeiðið er frá kl. 9.00—12:00.

Verð: 5000 á fjölskyldu

Leiðbeinendur eru: María Skúladóttir og

Antonía Helga Guðmundsdóttir.

Skráning hjá stjórninni á umfhvot@gmail.com.

Vinsamlegast takið fram nafn barns og aldur, nafn foreldris og síma.



UMF Hvöt sundnámskeið

Sundnámskeið verður á Borg fyrir börn á öllum aldri 24. júní—5. júlí fyrir hádegi.

Skráning á umfhvot@gmail.com

Vinsamlegast takið fram nafn barns og aldur, nafn foreldris og síma.

Verð 12.000 fyrir barn.

Leiðbeinandi: Guðrún Ása Kristleifsdóttir

SUMARSTARF

Fyrir

BÖRN

í

Grímsnes- og Grafningshreppi

2019



Knattspyrnuæfingar í uppsveitum

Boðið verður upp á knattspyrnuæfingar í Reykholti, Laugarvatni og Flúðum í sumar fyrir börn og unglinga í 1.-10.bekk.

Ungmennafélög Biskupstungna, Laugdæla og Hrunamanna koma að samstarfinu og vonast er til að sem flestir geti nýtt sér þetta starf. Að sjálfsögðu eru áhugasamir krakkar í nágrannasveitarfélögum hvattir til þess að taka þátt.

Samstarf ungmennafélaga uppsveitanna byrjar sumarfótboltann mánudaginn 3.júní í Reykholti.

Verð fyrir æfingar er 13.000 óháð hversu margar æfingar er mætt á. Systkini greiðir 10.000.-

Skráning: <https://www.facebook.com/ungmennafelagbiskupstungna/>



Æfingatímar verða sem hér segir með fyrirvara um breytingar sem verða vel auglýstar ef þær verða.

Mánudagar - Reykholt

13:00 -14:30 yngri hópur

(1.- 4. bekkur, 2012-2009) *

14:30-16:00 eldri hópur

(5.- 10. bekkur, 2008-2003)

Priðjudagar - Flúðir

13:00-14:30 yngri hópur

14:30-16:00 eldri hópur

Miðvikudagar - Laugarvatn

13:00-14:30, báðir hópar á sama

tíma. Tveir þjálfarar með sitt hvora

æfinguna.

Fimmtudagar - Flúðir

Með

fyrirvara um breytingar.

13:00-14:30 yngri hópur

14:30-16:00 eldri hópur

* Elsta stig á leikskóla/þeir sem eru að byrja í grunnskóla er boðið að taka þátt á æfingum hjá yngri hópnum.

Þjálfarar eru: Gústaf Sæland og

Anthonu Karl Flores.

Sumarsmiðjur fyrir 5. - 7. bekk



Félagsmiðstöðin Zelsíus á Selfossi heldur sumarsmiðjur fyrir börn sem voru að ljúka 5. – 7. bekk.

Börn úr Grímsnes- og Grafningshreppi eru velkomin.

Smiðjurnar eru frá 11. júní – 12. júlí. Hægt er að skrá sig í stakar smiðjur, heilan dag eða heila viku. Skráning hefst **21. maí** í gegnum vefpóstfangið erna.gudjons@arborg.is

Skráning telst ekki gild fyrr en greiðsla hefur borist og búið er að senda kvittun til staðfestingar. *Verðskrá: Stök smiðja 1.000 kr. Heill dagur 1.500 kr. Heil vika 5.000 kr*



Sumarstarf í Árborg



Fjölbreytt framboð af námskeiðum og æfingum er í sveitarfélaginu Árborg. Börnum og unglingum úr Grímsnes– og Grafningshreppi er velkominn að sækja þau námskeið. Athugið að börn úr sveitarfélaginu (Árborg) hafa forgang á viss námskeið.

Upplýsingar um námskeiðin má m.a. finna á:
<https://www.arborg.is/>
<https://www.selfoss.net/>

